

Reykjavík, 31. október 2013

Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll

Alþingi
Erindi nr. P 143/111
komudagur 31.10.2013

Nefndarsvið Alþingis leitaði fyrir hönd Velferðarnefndar Alþingis eftir umsögn Landssamtakanna Geðhjálpar um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár (aðgangsheimildir), þingskjal 24. – 24 mál, með tölvupósti til félagsins þann 18. október 2013.

Í frumvarpinu felst sú meginbreyting á núgildandi lögum að embætti landlæknis taki við endanlegu úrskurðarvaldi um aðgang og/eða breytingar á sjúkraskrá af ráðherra, sbr. breytingartillögu við 7. og 15. gr. laganna.

Landssamtökin Geðhjálp mótmæla harðlega ofangreindri fyrirætlan löggjafans um niðurfellingu kærueimildar til ráðherra. Brýnt er að áfram verði hægt að óska eftir endanlegum úrskurði æðsta yfirmanns framkvæmdavaldsins á jafn viðkvæmu sviði og aðgangi að sjúkraskrá.

Í frumvarpinu segir að embætti landlæknis sé í krafti þekkingar sinnar best til þess fallið að endurskoða ákvarðanir um sjúkraskrár. Minnt er á að ekki beinist allur ágreiningur að aðgangi og/eða breytingum á sjúkraskrá að heilsufari, t.d. getur ágreiningur snúið að aðild að máli og öðrum stjórnsýslulegum þáttum. Ekki verður því séð að embættið sé í öllum tilvikum betur til þess fallið en ráðherra að skera endanlega úr um aðgang og/eða breytingar á sjúkraskrá.

Á vef landlæknisembættisins kemur fram að borist hafi hátt í 180 erindi, beiðnir og kvartanir til embættisins hvort árið 2011 og 2012. Af þeim hafi 16 erindi hvort ár snúið að aðgangi að sjúkraskrá. Ef ofangreind breyting tekur gildi bendir flest til þess að umfang þessara erinda eigi eftir að aukast með þeim afleiðingum að grípa þurfi til ráðstafana innan embættisins til að mæta auknu álagi.

Í frumvarpinu er lagt til að í 15. gr. núgildandi laga sé tekið fram að mæli ríkar ástæður með því sé umsjónaraðila sjúkraskrár heimilt að veita nánnum aðstandanda látns einstaklings, svo sem maka, foreldri eða afkomanda aðgang að sjúkraskrá hins látna. Geðhjálp leggur til svohljóðandi breytingu á ofangreindri grein:...,svo sem maka, foreldri, afkomanda **eða systkini séu fyrrgreindir aðilar ekki á lífi**, aðgang að sjúkraskrá hins látna...

Geðhjálp leggur áherslu á að leitað sé eftir samráði við fjáls félagasamtök og aðra hagsmunaðila vegna lagafrumvarpa fyrr heldur en raun ber vitni í þessu tilviki til að gefa viðkomandi aðilum svigrúm til að vanda ábendingar sínar. Með því móti er stuðlað að aukinni sátt og faglegri umfjöllun um lagasetningu í viðkvæmum og mikilvægum samfélagslegum málaflokki.

Fyrir hönd Geðhjálpar,
Hrannar Jónsson, formaður.

